



Velferðar- og mannréttindaráð
Björg Baldursdóttir formaður

Kópavogi, 5. mars 2026
26011302.305.00 JLÓ

Efni: Breytingar á reglum um styrki til náms, verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir

Reglur Kópavogsbæjar um styrki til fatlaðs fólks voru samþykktar í bæjarstjórn árið 2020. Þær hafa ekki verið endurskoðaðar síðan. Tekin var ákvörðun um að endurskoða þær og horfa m.a. til reglna Reykjavíkurborgar um sama efni og þeirra álitamála sem komið hafa upp í tengslum við framkvæmd styrkveitinga.

Helstu breytingar:

Lagagrundvöllur reglnanna var í formála en með breytingum er lagagrunnur færður í 1. gr. og orðalagi breytt auk þess sem vísað er til samnings SP um réttindi fatlaðs fólks.

Í nýrri 3.gr. er leitast við að útskýra betur hverjir eiga kost á styrk og hvaða skilyrði umsækjendur þurfa að uppfylla. Eldri 3.gr. er felld niður og nauðsynleg ákvæði hennar tryggð í öðrum ákvæðum reglnanna.

Í 4. gr. eru orðalagsbreytingar.

Í 5. gr. eru orðalagsbreytingar auk þess sem kveðið er á um að umsóknum fylgi staðfesting á fötlun.

Í 6.gr. hefur verið bætt við þau viðmið sem tekið er tillit til við úthlutun styrkja að líklegt sé að styrkur stuðli að aukinni virkni og þátttöku.

Í nýrri 10. og 11. gr eru ákvæði um endurupptöku og málskot sem eru ófullnægjandi í eldri reglum.

Virðingarfyllst,

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Skrifstofustjóri velferðarsviðs

